

**Heilbrigðiseftirlit Vesturlands**  
Innrimel 3, Hvalfjarðarsveit  
301 Akranes  
kt. 550399-2299  
Símar: 4312740, 4312750, 8945030

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/963*  
*komudagur 11.12.2012*

Hvalfjarðarsveit, 11. desember 2012.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík.  
Netf: [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Með tölvupósti frá Nefndasvið Alþingis, dags 27.11.2012 var óskað efir umsögn vegna frumvarps til breytinga á lögum nr. 7/19998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (mál nr. 287).

Á fundi heilbrigðisnefndar vesturlands sem haldinn var í gær var gerð eftirfarandi samþykkt vegna efni frumvarpsins:

*„Heilbrigðisnefnd fagnar öllum breytingum á lögum sem varða lífsgæði og velferð almennings. Í grein 5 b. er gert ráð fyrir vöktun vegna loftgæða og tilkynningar til almennings um loftgæði sem byggja á mælingum. Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a : „ áhrif frumvarpsins á kostnað sveitarfélaga eru talin óveruleg en á það bent að frekari útfærsla á hlutverki sveitarfélaga mun koma fram í reglugerð sem verða kostnaðarmetnar sérstaklega“.*

*Heilbrigðisnefndir utan Reykjavíkursvæðis reka ekki mælistöðvar fyrir loftgæði og því verður ekki séð annað en að kaup á mælistöð muni kosta verulega fjárhæð auk kostnaðar við hefðbundin rekstur. Heilbrigðisnefnd Vesturlands telur því að kostnaðarmat verði að koma fram í greinargerð með frumvarpinu og hvernig eigi að bregðast við þessum miklu útgjöldum.“*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

  
frankv. stj. heilbrigðiseftirlits  
VESTURLANDS